

**Ed.**

**5. Frumvarp til laga**

**[5. mál]**

um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

1. gr. laga nr. 14 4. apríl 1955 orðist svo (þ. e. a-liður 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933):

Hlutatalan skal ákveðin í reglugerð, sbr. 6. gr., og skiptist hún í 12 flokka á ári hverju, en dráttur fer fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 26 24. apríl 1957.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands.

Í lögum nr. 26 24. apríl 1957 er hlutatala í happdrætti háskólans tiltekin 55 000 hið mesta. Í lögum nr. 18/1959 um Vöruhappdrætti S.Í.B.S er hámarkshlutatala einnig tilgreind, og er þar miðað við 65 000 hlutamiða. Í lögum nr. 71/1954 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna er hlutatala hins vegar ekki ákveðin í lögnum, heldur veltur hún á ákvörðun fjármálaráðuneytisins. Hlutamiðar hjá happdrætti háskólans eru á þessu starfsári 55 000, og hefur happdrættisstjórnin mælt til þess að fá heimild til fjölgunar á hlutamiðum. Þykir eðlilegt að verða við þeim tilmælum, en hins vegar mun haganlegast að skipa þessu máli með reglugerðarákvæði, svo sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 71/1954 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og er það efni frumvarps þessa að mæla svo fyrir. Önnur breyting á gildi lögum felst ekki í því.